

136 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936 og birtist til
19. okt. leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 19. október 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

137

22. okt.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafnargjaldskrá:

A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 4 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 auru af nettó smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina. Lægsta gjald skal þó vera 10 krónur.

B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 20 auru af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.

C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 auru af hverri smálest.

2. gr.

Staflidhur A. og fyrri málsgrein staflids B. í 28. gr. orðist svo:

A. Af öllum aðkomuskipunum greiðist 20 auru af hverri nettó smálest fyrir fyrsta sólarhringinn og 15 auru á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

Minnsta gjald skal vera 10 krónur.

B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, að stærð 10—30 smálestir, skulu greiða 2 krónur af hverri brúttó smálest á ári, en skip yfir 30 smálestir skulu greiða 3 krónur af hverri brúttó smálest.

Minni bátar greiði 10 kr. á ári.

3. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 35 auru fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement, kornvörur, sykur, kartöflur, rófur, ís og síld.
2. flokkur. Gjald 45 auru fyrir hver 100 kg: Saltfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 55 auru fyrir hver 100 kg: Nýr fiskur afhausaður, oliur, járn, lýsi, fiskmjöl og síldarmjöl.
4. flokkur. Gjald 70 auru fyrir hver 100 kg: Freðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 110 auru fyrir hver 100 kg: Kjöt.
6. flokkur. Gjald 140 auru fyrir hver 100 kg: Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 10 auru fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og aðrar umbúðir. **137**
 9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip. **22. okt.**
 10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

138

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939. **28. okt.**

1. gr.

Í staðinn fyrir „lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest“ í staflið a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar komi: lestargjald 20 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsgrein stafliðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi 4 krónur af hverri smálest.
2. Af timbri 8 aura af teningsfeti.
3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 6 krónur af hverri smálest.
4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 4 krónur af smálest.
5. Af útfluttum ísfiski 3 krónur af smálest.
6. Af öðrum útfluttum vörum 6 krónur af smálest.

3. gr.

Upphaf 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld þau, sem um getur í 14. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans á Þórs-
höfn, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.